

Morgunblaðið

Útgefandi hf. Árvakur, Reykjavík.
Framkvæmdastjóri Haraldur Sveinsson.
Ritstjórn Matthías Johannessen,
Styrmir Gunnarsson.
Ritstjórnarfulltrúi Þorbjörn Guðmundsson.
Fréttastjóri Björn Jóhannsson.
Auglýsingastjóri Baldvin Jónsson.

Ritstjórn og skrifstofur: Aðalstræti 6, sími 10100. Auglýsingar: Aðalstræti 6, sími 22480. Afgreiðsla: Skeifunni 19, sími 83033. Áskriftargjald 4.500,00 kr. á mánuði innanlands. Í lausasölu 230 kr. eintakið.

„Ekki svigrúm til almennra grunnkaupshækkana“

Á undanförunum árum hefur oft kveðið við þann tón frá ýmsum forystumönnum launþegasamtaka, að mestu máli skipti, hvort ríkisstjórn sé „vinveitt“ launþegum eða ekki. Þessi undarlega notkun orðsins „vinveittur“ á að skírskota til þess, að Alþýðubandalagið eða kommúnistar séu aðilar að ríkisstjórninni eða ekki. En eins og kunnugt er hafa alþingismenn þeirra og málgagn, Þjóðviljinn, ævinlega hamrað á því, að ekki skipti máli í sambandi við verðbólgu eða verðlagsþróun, hvort kaupð hækki eða ekki. Og nú er þeirra eigin maður, Ragnar Arnalds, orðinn fjármálaráðherra. Menn gætu því búist við því, að skjótlega yrði orðið við kröfum BSRB um 18% og upp í 39% launahækkunar. Fyrstu viðbrögð ráðherrans í hinu nýja sæti virðast þó ekki benda til þess, eða eins og hann segir í Morgunblaðinu sl. miðvikudag: „En hitt er alveg ljóst, að miðað við þær ströngu verðlagsforsendur, sem menn hafa sett sér á þessu ári, þá er ekki svigrúm til almennra grunnkaupshækkana. Það sjá allir.“ Eins og þessi ummæli bera með sér, hefur Ragnar Arnalds gjorsamlega snúið við blaðinu. Launahækkunarirnar eru allt í einu orðnar aðalverðbólguhvattinn, svo að annað fellur þar algerlega í skuggann. Þvílíkar yfirlýsingar fjármálaráðherra hefðu einhvern tíma gefið mönnum eins og Kristjáni Thorlacius, Haraldi Steinþórssyni eða Guðrúnu Helgadóttur tilefni til stóryrtra yfirlýsinga. En það er öðru nær en þaðan sé kvaks að vænta. „Þeirra maður í fjármálaráðuneytinu“ hefur talað. Og nú verður skemmtilegt að fylgjast með því, hvernig kommúnistarnir innan BSRB reyna á næstu vikum og mánuðum að vinda ofan af launakröfunum, sem þeir hefðu staðið á eins og hundur á roði undir öðrum kringumstæðum eins og dæmið frá 1978 sannar.

Vafalaust er, að ríkisstjórnin muni leggja á það höfuðkapp að draga samningana við opinbera starfsmenn sem allra mest á langinn — og helzt svo, að áður yrði búð að semja á hinum almenna vinnumarkaði, þar sem kröfugerðin er miklu minni. Og auk þess þykist ríkisstjórnin hafa nokkurt skjól af Vinnuveitendasambandinu, sem stendur fast á því, að ekki komi til aukningar kaupmáttarins, sem einnig er yfirlýst markmið Ragnars Arnalds fjármálaráðherra, þegar hann segir: „Hitt teljum við aðalmál að koma í veg fyrir það að launastigið hrapaði niður.“ Snorri Jónsson, forseti Alþýðusambands Íslands, hefur að vísu sagt, að sér lítist „auðvitað ekkert alltof vel á svona yfirlýsingar“.

Og gagnvart sjómönnum liggur það fyrir, að þeirra hlutur í „félagsmálapakkanum“ hefur orðið lítill sem enginn, auk þess sem loðnuveiðibannið núna og sú óvissa, sem það veldur varðandi áframhald þorskveiðanna, hlýtur að hafa veruleg áhrif á tekjumöguleika þeirra og þar með einnig á kröfugerðina.

Varðandi kjaramálin er stjórnarsáttmálinn afslappur sem víðar, svo að þar verður ekki fest hönd á neinu. Þó virðist liggja ljóst fyrir, að ríkisstjórnin þykist hafa fyrir því nokkra tryggingu, að verkalýðshreyfingin sé reidubúin til þess að afsala sér grunnkaupshækkunum á þessu ári gegn einhvers konar félagsmálapakka, sem í rauninni getur ekki orðið annað en snuð eða tútta, a.m.k. á meðan ráðherrar framsóknar og kommúnista hafa ekki staðið við fyrirheitin frá því í desember 1978 sem þeir gáfu með félagsmálapakkanum þá. En hitt er athyglisvert fyrir þjóðina að sjá, að fjármálaráðherra kommúnista skuli ekki vera búinn að sitja viku í stólnum, þegar hann byrjar að hamra á því, að „ekki sé svigrúm til almennra grunnkaupshækkana“. Hér kveður sannarlega við nýjan tón, sem gagnlegt getur orðið að vitna í, þótt síðar verði.

Innheimtuákvæði vantar í skattalögin:

Þingnefnd er sammála um skattlagabreytingar fyrirvari hjá stjórnarandstöðunni

FRUMVARP til breytinga á lögum um tekju- og eignaskatt, ásamt 23 breytingartillögum frá fjárhags- og viðskiptanefnd, var í gær afgreitt með samhljóða atkvæðum til þriðju umræðu, sem fram fer nk. mánudag. Reiknað er með að frumvarpið verði afgreitt í efr deild sem lög frá Alþingi nk. mánudag eða þriðjudag. Frumvarpið og breytingartillögur við það fela í sér allnokkrar efnisbreytingar á vissum þáttum skattlagningar, auk þess sem það felur í sér ákvæði um innheimtu tekju- og eignaskatta, en lagaákvæði þar

um skorti. Ástæða þess var sú að samhljóða skattafrumvarpi því, sem varð að lögum 1978 (nr. 40 það ár) var flutt frumvarp um staðgreiðslu opinberra skatta, og voru því engin innheimtuákvæði í hinu fyrra frumvarpinu. Staðgreiðslufrumvarpið dagaði hins vegar uppi og var því vant lagaákvæða um innheimtuna.

Í nýju skattalögum frá 1978 fólust afgerandi breytingar á skattlagningarreglum, svo sem sérsköttun hjóna, aðlögun tekjuhugtaksins að verðbólgunni, endurmat eigna til fyrninga miðað við verðlagsþróun hert viðurlög o.fl. Frumvarp það til breytinga á

lögum, sem nú er til umræðu, er árangur af endurskoðunarstarfi, sem boðað var við setningu þeirra. Það hefur verið sent til umsagnar fjölmargra aðila í þjóðfélaginu. Breytingartillögur, sem nedri deild hefur nú samþykkt við aðra umræðu, varða flestar atvinnurekstur, m.a. framreiknað tap, endurmat fasteigna, fyrningar o.fl. Þá felst í tillögum hækkun frádráttar sjómanna, námsmanna, giftingarfrádráttur o.fl.

Fjárhags- og viðskiptanefnd flytur öll þær breytingartillögur, sem fram komu, en nefndarmenn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks skrifa allir undir nefndarálit með fyrirvara þar sem ekki var fullt samkomulag í nefndinni. Hugsanlegt er að fleiri breytingartillögur komi fram við þriðju umræðu í nedri deild nk. mánudag.



Ljóm.: Emilia

Þóra Kristjánsdóttir forstöðumaður Kjarvalsstaða er hér í kápu sem verður á sýningunni. Umhverfis hana má sjá nokkra af þeim munum sem ennfremur verða til sýnis.

Sýning á listiðn kvenna

BANDALAG kvenna í Reykjavík efnir til sýningar á listiðn íslenskra kvenna á Kjarvalsstöðum og verður sýningin opnuð n.k. laugardag kl. 16. Henni lýkur 24. febrúar n.k.

Á sýningunni mun verða margs konar vefnaður, handíðar með

listrænt gildi, ullar- og tóvinna sem unnin er á frumlegan hátt, handprjónaðir og ofnir kjólar og batikkjólar og verða tiskusýningar öðru hverju þar sem þessar flikur verða sýndar. Þá verða á sýningunni leirker ýmiss konar og keramik unnin af viðurkenndum listakönnum og einnig þeim sem

eru að þreifa sig áfram í þeirri listgrein. Gull- og silfursmíði verður einnig í hávegum höfð og verða sýnd verk eftir yngri og eldri listakonur. Þá mun Heimilisíðnaðarfélag Íslands kynna vörur sínar í anddyri Kjarvalsstaða meðan á sýningunni stendur og Þjóðdansafélag Reykjavíkur sýna þjóðbúninga. Spunakonur sýna, bæði á rokk og snældu, og knipplingakonur og vefarar sýna handbrögð sín.

Langflestir af munum á sýningunni eru unnir af nútímalistakönnum en þó eru nokkur verk eftir konur sem nú eru látnar og einnig verk eftir núlifandi eldri konur sem enn eru að skapa listaverk.

Bandalag kvenna í Reykjavík var stofnað fyrir tæplega 63 árum af 9 kvenfélögum í Reykjavík. Nú er 31 félag í bandalaginu og eru það félög með bæði karlmönnum og kvenmönnum en þó eru flest af þeim kvenfélög. Meðlimir í bandalaginu eru alls 14.000. Formaður sýningarnefndarinnar er Guðrún S. Jónsdóttir. Gunnar Björnsson setur sýninguna upp en honum til aðstoðar er Þorbjörg Höskuldadóttir.

Gatnagerðartilboð í Hafnarfirði:

Munar 20 milljónum á hæsta og lægsta tilboði

OPNUÐ hafa verið hjá Hafnarfjarðarbæ tilboð sem bárust í gatnagerð í götum Túnhvammi og Klausturhvammi þar í bæ, en samtals bárust fimm tilboð. Lægsta tilboðið var frá Hjólaskóflunni s.f. í Reykjavík, og

hljóðaði það upp á tæplega 40,5 milljónir króna, en hæsta tilboðið sem barst, og hljóðaði upp á tæplega 61 milljón króna, var frá Vélaleigunni Þorshamri h.f. í Reykjavík.

Tilboðin voru annars þessi:

Lögð fram tilboð í gatnagerð í Túnhvammi og Klausturhvammi:	kr.
1. Hjólaskóflun s.f., Dalseli 33, Rvík	40.491.695.-
2. Vélaleigan Þorshamar h.f., Grjótaseli 11, Rvík	60.979.300.-
3. Magnús og Marínó s.f., Steinaseli 6, Rvík	53.867.200.-
4. Völur h.f., Vagnhöfða 5, Rvík	44.259.800.-
5. Loftorka s.f., Skipholti 35, Rvík	55.050.800.-